

Nd.

547. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Svövu Jakobsdóttur.

1. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Menntamálaráðuneytið ræður fræðslustjóra að fengnum tillögum hlutað-eigandi fræðsluráðs, en þó ekki lengur en til 5 ára í senn. Að þeim tíma liðnum má endurráða hann til jafnlangs tíma, ef meiri hluti fræðsluráðs mælir með því.
Við skipun í starf fræðslustjóra skal taka tillit til kennslufræðilegrar menntunar umsækjanda, stjórnunarreynslu í opinberri þjónustu og þekkingar á skólamállum.
2. Við 21. gr. 1. málsg. orðist svo:
Stofna skal foreldrafélög við grunnskóla, sem hafi það markmið að styðja skólafarfið og efla tengsl milli foreldra og skóla. Skólastjóri skal boða foreldra, sem börn eiga í grunnskóla, til stofnfundar foreldrafélags.
3. Við 22. gr. Greinin orðist svo:
Heimilt er nemendum grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð.
Fulltrúi nemendaráðs á rétt til setu á fundum skólastjóra og kennararáðs, svo og á kennarafundum, með málfrelsi og tillögurétti.
4. Við 76. gr. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:
Sé heilsugæslustöð í námunda við grunnskóla, er heimilt að fela henni að annast heilsuvernd nemenda, skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 56/1973, 21. gr.
5. Við 77. gr. 3. málsg. orðist svo:
Óheimilt er einkaaðila að reka skóla fyrir óskólaskyld börn nema með leyfi fræðslustjóra.